



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026  
Garðyrkjuskólinn Reykjum



**KLIP3GR01**  
**Trjáfellingar - Grisjun**

|          |                                                                           |
|----------|---------------------------------------------------------------------------|
| Kennari: | <b>Björgvin Örn Eggertsson</b> <a href="mailto:boe@fsu.is">boe@fsu.is</a> |
|----------|---------------------------------------------------------------------------|

| Áfangi                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Einingar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Hæfniprep |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>KLIP3GR01 –Trjáfellingar - Grisjun</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            | <b>1 fein</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <b>3</b>  |
| <b>Lýsing</b> <p>Nemendur læra öll helstu öryggisatriði og aðferðir sem nýta skal þegar unnið er með keðjusagir. Farið er í yfir almenna umhirðu og viðhald keðjusaga. Nemendur læra fellitækni og fá verklega kennslu í notkun keðjusaga við grisjun og endurnýjun á trjáþyrpingum og skjólbeltum auk þess að fjarlægja stórar greinar af trjám. Nemendur þjálfast frekar í notkun á öryggisbúnaði og handverkfærum við að fella tré á öruggan hátt til að forðast skaða á byggingum, fólki eða öðrum hlutum í nærumhverfi sínu. Nemendur læra að vinna við trjáskurlara og átta sig á hvaða atriðið þarf að hafa í huga við trjáfellingar þar sem á að kurla viðinn sem er sagaður. Geri sér grein fyrir mikilvægi áhættumats.</p> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |           |
| <b>Forkröfur</b> <p>KLIP3FE01 (Trjáfellingar)</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |           |
| <b>Þekkingarviðmið</b> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• helstu öryggisatriðum er varða meðferð og notkun á keðjusögum og öðrum verkfærum sem þarf til grisjunar.</li><li>• rétttri líkamsbeitingu við trjáfellingar.</li><li>• algengasta viðhaldi sem keðjusagir þurfa og hvernig það er framkvæmt.</li><li>• þeim aðferðum og búnaði sem beitt er við fellinguna trjáa og notkun keðjusaga við grisjun og endurnýjun á gróðri.</li><li>• hvernig velja á tré og trjágróður til fellingar í grisjun og endurnýjun.</li><li>• hvernig beita skal öguðum vinnubrögðum og leggja mat á hættur í umhverfinu.</li></ul>                                                   | <b>Hæfniviðmið</b> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• nýta og miðla þekkingu sinni á viðeigandi öryggisbúnaði sem þarf í trjáfellingar sem metið er með verklagi, rökstuðningi og frágangi.</li><li>• leysa af hendi algengustu verkþætti í viðhaldi keðjusaga og meta ástand persónuhlífa og öryggisbúnaðar sem metið er með verklagi og frágangi</li><li>• nýta þekkingu sína og skilning á fellitækni til að fella tré og stýra nákvæmlega í hvaða átt það fellur svo það skaði ekki byggingar, fólk eða</li></ul> |           |

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• hvernig koma megi í veg fyrir skaða á trjábol þegar stórar greinar eru sagaðar af trjám.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | <p>aðra hluti í nærumhverfi sem metið er með verklagi og frágangi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• meta hvaða tré og trjágróður skal fella við grisjun eða endurnýjun á trjáþyrpingum sem metið er með rökstuðningi, verkskipulagi og útsjónarsemi.</li> <li>• gera sér grein fyrir þeim hættum sem leynast geta í nágrenninu sem metið er með verklagi og frágangi.</li> <li>• búa yfir öguðum vinnubrögðum sem metið er með ábyrgð og verklagi.</li> <li>• nýta þekkingu sína og leikni með keðjusög og handsög til að fjarlægja stórar greinar af trjám án þess að skaða tré sem metið er með verklagi og verkskipulagi.</li> </ul> |
| <p><b>Leikniviðmið</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• nota viðeigandi öryggisbúnað sem þarf þegar unnið er með keðjusög.</li> <li>• sinna helsta viðhaldi á keðjusög og öryggisbúnaði auk þess að kanna ástand persónuhlífa.</li> <li>• grisja, snyrta og endurnýja trjáþyrpingar með keðjusög og algengustu handverkfærum s.s. handsög.</li> <li>• stýra fallátt trjáa af nákvæmni.</li> <li>• velja hvaða tré eða trjágróður í þyrpingu eiga að standa áfram og hver eiga að víkja.</li> <li>• saga greinar af trjám með keðjusög án þess að skaða tré.</li> </ul> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <p><b>Námsmat</b></p> <p>Nemendur þurfa að sýna færni sína í notkun keðjusagar, handverkfæra og tilheyrandi öryggisbúnaðar.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <p><b>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</b></p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <p><b>Tenging við grunnþætti</b></p> <p>Læsi- nemendur læra að lesa umhverfi sitt og samsetningu skógarins. Sjálfbærni- nemendur sjá að efni sem fellur til í skóginum má nýja á ýmsan hátt.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <p><b>Dags.:</b> 10.9.2013</p> <p><b>Höfundar:</b> Ágústa Erlingsdóttir og Björgvin Örn Eggertsson</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |

**Námsefni:**

- Skógarbók Grænni skóga.
- Skógarauðlindin
- Efni frá kennara og á netinu.

| Tímar                                        | Efni                             | Kennari             |
|----------------------------------------------|----------------------------------|---------------------|
| 10. mars. 09 <sup>00</sup> -16 <sup>00</sup> | Trjáfellingar bóklegt / verklegt | Björgvin Eggertsson |
| 25. mars. 09 <sup>00</sup> -16 <sup>00</sup> | Trjáfellingar verklegt           | Björgvin Eggertsson |
| 26. mars. 09 <sup>00</sup> -16 <sup>00</sup> | Trjáfellingar verklegt           | Björgvin Eggertsson |

### Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlestrum og verklegum æfingum.

**Verklegar æfingar:** Þrír verklegir dagar með æfingum fyrir alla nemendur námskeiðsins. Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í alla tímana.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 29. desember 2025**

**Björgvin Örn Eggertsson**